

## Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2015 – síðari umræða 17. desember 2014

### Inngangur

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar er hér lögð fram til síðari umræðu. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarvelta samstæðu A- og B- hluta verði um 1 milljarður króna sem skiptist þannig að velta A-hluta verður 740 mkr en velta B-hluta verður 269 mkr.

Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta verði 29 m.kr en að samstæða A- og B-hluta skili afgangi sem nemur ríflega 6 mkr. Framlegð af rekstri sveitarfélagsins er 141 m.kr eða 14% af veltu sem er vel ásættanleg niðurstaða.

Hér getur að líta helstu stærðir úr rekstrarreikningi sveitarfélagsins:

| Fjárhagsáætlun 2015<br>úr rekstrarreikningi (þús. kr.) | 2015<br>A - hluti |               | 2015<br>A + B hluti |               |
|--|-------------------|---------------|---------------------|---------------|
| <b>TEKJUR</b>  |                   |               |                     |               |
| Skatttekjur  | 443.770           | 60,0%         | 443.770             | 44,0%         |
| Framlög Jöfnunarsjóðs                                  | 185.890           | 25,1%         | 185.890             | 18,4%         |
| Aðrar tekjur   | 110.330           | 14,9%         | 378.857             | 37,6%         |
|  | <b>739.990</b>    | <b>100,0%</b> | <b>1.008.517</b>    | <b>100,0%</b> |
| <b>GJÖLD</b>   |                   |               |                     |               |
| Laun og launatengd gjöld                               | 389.394           | 52,6%         | 419.916             | 41,6%         |
| Annar rekstrarkostnaður                                | 284.274           | 38,4%         | 447.714             | 44,4%         |
|  | <b>673.668</b>    | <b>91,0%</b>  | <b>867.630</b>      | <b>86,0%</b>  |
| <b>Framlegð (EBITDA)</b>                               | <b>66.322</b>     | <b>9,0%</b>   | <b>140.887</b>      | <b>14,0%</b>  |
| Afskriftir   | 25.052            | 3,4%          | 51.498              | 5,1%          |
| Niðurstaða án fjármagnsliða                            | 41.270            | 5,6%          | 89.389              | 8,9%          |
| Fjármagnsliðir   | - 12.396          | -1,7%         | - 82.811            | -8,2%         |
| <b>Rekstrarniðurstaða</b>                              | <b>28.874</b>     | <b>3,9%</b>   | <b>6.578</b>        | <b>0,7%</b>   |

### Helstu breytingar frá fyrri umræðu

Fáeinir breytingar hafa verið gerðar á fjárhagsáætlun ársins 2015 frá fyrri umræðu í bæjarstjórn. Um er að ræða u.þ.b. 11 m.kr hækkun á áætluðum tekjum og u.þ.b. 22 m.kr hækkun á gjöldum sem skiptast þannig að útgjöld í A-hluta hafa aukist um 14 m.kr en útgjöld B-hluta hafa aukist um 8 m.kr. Breytingar á rekstarliðum í A-hluta eru þær helstar að lagt er til að auka framlög vegna kynningarfulltrúa/viðburðarstjóra um kr. 2,5 mkr. Þá er lögð til breyting á samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Bolungarvíkurkaupstaðar sem áætlað er að kosti 2,5 m.kr. á ári. Þá er reiknað með að veita FAB-LAB smiðju á Ísafirði rekstrarstyrk að fjárhæð 1 mkr. Auk þess er lagt til að setja

1 m.kr. í undirbúning vegna „frístundarútu“ sem æki á milli Íþróttamiðstöðvarinnar í Bolungarvík og Íþróttahússins á Ísafirði, nokkrar ferðir á dag. Þá er lagt til að Fræðasetri Háskóla Íslands í Bolungarvík verði veittur rekstrarstyrkur að fjárhæð 600 þús. kr.


Í B-hluta eru helstu breytingarnar þær að reiknað er með að setja 3 m.kr meira í stærra viðhald í eignasjóði en gert var ráð fyrir í fyrri umræðu. Þá hafa framlög í Vatnsveitu og Félagslegar íbúðir og Félagsheimilið verið auknar.

Fjárhagsáætluninni fylgir yfirlit um helstu fjárfestingar og stærra viðhald. Reiknað er með að heildarfjárfesting verði 60 m.kr á árinu 2015, en stærra viðhald sem er sérstaklega tilgreint í áætlun verði 22 m.kr.

## Tekjur

Heildartekjur ársins 2015 verða 1.008 milljónir króna. Þar af eru tekjur A-hluta 739 milljónir, en tekjur B-hluta 269 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur verði 391 m.kr en áætlun ársins 2014 gerði ráð fyrir að útsvarstekjur yrðu 417 m.kr. Þá er reiknað með að tekjur af fasteignasköttum og lóðarleigu verði 52,7 m.kr samanborið við 49 m.kr. í áætlun ársins 2014. Reiknað er með að tekjur úr Jöfnunarsjóði verði alls 186 m.kr þannig að heildarskatttekjur að meðtöldum tekjum úr Jöfnunarsjóði verði 630 m.kr samanborið við 613 m.kr í áætlun ársins 2014. Þá er reiknað með að þjónustutekjur A-hluta verði samtals 110 m.kr.


Á mynd 1 sést skipting tekna A-hluta í skatttekjur, tekjur frá Jöfnunarsjóði og þjónustutekjur.



Mynd 1

Hlutfallslega skiptingu tekna A- hluta má svo sjá á mynd 2 þar sem fram kemur að skatttekjur eru 60%, Jöfnunarsjóður skilar 25%, en þjónustutekjur eru 15% af tekjunum.

## Skipting tekna A-hluta í þús. kr. og í hlutfalli af heildartekjum




Mynd 2

### Gjaldskrárbreytingar frá fyrri umræðu

Ekki hafa verið gerðar breytingar á gjaldskrá frá fyrri umræðu um fjárhagsáætlun.

### Skipting rekstarkostnaðar í A-hluta

Laun sem hlutfall tekna eru 53% af tekjum A-hluta, eða 389 m.kr. en voru 47% af tekjum árið 2014. Launahlutfallið hækkar því nokkuð á milli ára. Annar rekstarkostnaður er 38% af tekjum, en afskriftir og fjármagnsliðir eru 5,1%. Rekstrarafgangur A-hluta er 29 m.kr eða 3,9%.



Mynd 3

### Framlegð

Framlegð er af rekstri A-hluta er 66 m.kr, sem er 9% af tekjunum á meðan framlegðin af rekstri samstæðu A- og B-hluta er 141 m.kr eða 14%. Framlegðin er viðunandi, en er þó minni en árið á undan og stafar það aðallega af hærra launahlutfalli í A-hluta.

## Sjóðstreymi, lántaka og skuldaviðmið

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu A- og B-hluta verði 92 m.kr á meðan veltufé frá rekstri A-hluta er 64 m.kr. Gert er ráð fyrir að tekin verði ný langtímalán að fjárhæð kr. 97 m.kr en á sama tíma verði greidd niður lán að fjárhæð 99 m.kr.

Bolungarvíkurkaupstaður hefur gert samning við velferðarráðuneytið um leigu á húsnæði fyrir hjúkrunarheimili, sem felur í sér langtímaskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs um stöðugar leigutekjur af fjárfestingunni. Því er heimilt að draga frá heildarskuldum og skuldbindingum núvirta fjárhæð þess hluta leiguverðsins á samningstíma, sem ætlaður er vegna fjárfestingarinnar. Þá skal draga frá heildarskuldum og skuldbindingum núvirði lífeyrisskuldbindinga sem áætlað er að komi til greiðslu lífeyris eftir 15 ár eða síðar. (sbr reglugerð 502/2012).

Áætlunin gerir ráð fyrir að svokallað skuldaviðmið sveitarfélagsins reiknað í samræmi við ofangreinda reglugerð verði 127,3% í lok árs 2015.

## Fjárfestingar – framkvæmdir

Í fjárhagsáætlun ársins 2015 er gert ráð fyrir að verja alls 82 m.kr í ýmsar fjárfestingar, framkvæmdir og meiriháttar viðhald. Hér á eftir verður farið yfir helstu verkefni, en einnig liggja fyrir yfirlit með fjárhagsáætlun, annarsvegar áætlun um fjárfestingar 2015 og hinsvegar áætlun um stærra viðhald 2015. Framkvæmdirnar dreifast mun meira á ýmsar deildir sveitarfélagsins en verið hefur undanfarin ár. Kemur það til af því að fjárfestingu í hjúkrunarheimili er að mestu lokið og ekki er í gangi neitt verkefni sem er af sambærilegri stærðargráðu á árinu 2015.

### Hjúkrunarheimili

Byggingu hjúkrunarheimilisins er nú að ljúka en það er stærsta framkvæmd sveitarfélagsins undanfarin ár. Viðræður standa yfir við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða varðandi rekstur hjúkrunarheimilisins, en Heilbrigðisstofnunin hefur nú með höndum rekstur öldrunardeildar í Bolungarvík sem hjúkrunarheimilinu er ætlað að taka við af.

### Grunnskólinn og Félagsmiðstöðin Tópas

Áfram verður haldið við endurbætur á eldra húsi Grunnskólans en á þessu ári var farið í gagngerar endurbætur á þremur kennslustofum á efstu hæð hússins og eru þær í raun betri núna en þær voru nýjar. Þar var t.d. skipt út léttum veggjum úr spónaplötum í stað veggja úr gífsi sem er talsvert atriði gagnvart brunavörnum. Þá vour sett ný gólfefni auk þess sem sett var upp svokallað kerfisloft með hljóðdempandi loftplötum og nýrri lýsingu. Ennfremur voru stofurnar búnar fullkomnu hljóð og myndkerfi. Mjög vel hefur tekist til með þær endurbætur og er mikil ánægja hjá starfsfólki og nemendum skólans með breytingarnar. Á árinu 2015 er ráðgert að fara í endurbætur á neðstu hæð hússins um leið og þar verður útbúið rými fyrir Félagsmiðstöðina Tópas sem flytja á í Grunnskólann. Nokkrar vangaveltur urðu varðandi það hvort það hentaði að hafa Félagsmiðstöðina í skólanum og fóru m.a. stjórnendur skólans í skoðunarferðir í skóla á höfuðborgarsvæðinu til að kynna sér aðstæður þar sem slíkt fyrirkomulag er viðhaft. Í stuttu máli þá virðis svo sem það fyrirkomulag henti ágætlega. Því til viðbótar má nefna að eftir að innangengt varð á milli Grunnskólans og Íþróttamiðstöðvarinnar er tækifæri til að samgangur verði á milli hennar og Félagsmiðstöðvarinnar sem er líklegt til að efla félagslífið og auka aðsókn hjá unglingunum. Rétt er að geta þess að eldri bygging Grunnskólans var tekin í notkun árið 1966 og eru t.d. ennþá sömu gólfefni og loftaplötur á mörgum stöðum í byggingunni.

Gert er ráð fyrir að settar verði 13,7 m.kr í framkvæmdir og viðhald við Grunnskólann.

## Leikskólinn

Gert er ráð fyrir fjármunum til að halda áfram við hönnun viðbyggingar við Leikskólann Glaðheima, en deiliskipulag hverfisins er í vinnslu. Vinna þarf áfram að arkitektateikningum og skipulagi innanhúss auk þess sem vinna þarf burðarþolsteikningar og lagnateikningar af húsinu.

Áætlunin gerir ráð fyrir 4,3 m.kr í framkvæmdir og viðhald við Leikskólann.

## Tónlistarskólinn

Gert er ráð fyrir að endurnýja salerni í eldri álmu Tónlistarskólans, en búið er að gera miklar endurbætur á sal skólans Sprotu, sem staðsettur er í þeim hluta skólans. Nú er orðið innangengt á milli eldri álmunnar og þeirrar yngri, en þar á milli var gert hurðarop í sumar.

Gert er ráð fyrir 1 m.kr í framkvæmdir í Tónlistarskólanum.

## Íþróttamiðstöðin Árbær

Helstu verkefni við Íþróttamiðstöðina Árbær eru breytingar á starfsmannaaðstöðu auk þess sem reiknað er með að mála íþróttahúsið að utan. Hugmyndir eru um að starfsmannaaðstaðan verði við hlið inngangsins í sundlaugina þar sem nú er fatahengi. Ennþá eru uppi hugmyndir um að anndyrið stækki og geti þjónað sem yfirbyggð stoppistöð fyrir almenningssamgöngur, en vænta má að m.a. með auknu samstarfi íþróttafélaga skapist aukin þörf fyrir ferðir á milli íþróttamannvirkja sérstaklega. Með því að tengja slíka stoppistöð við Íþróttamiðstöðina þá ætti að skapast aukið öryggi fyrir yngri börnin þar sem miðstöðin er opin frá 7 á morgnana til kl. 21 á kvöldin virka daga og reyndar lýkur seinni vaktinni ekki fyrr en kl. 22 á kvöldin.

Þá er reiknað með fjármunum til endurnýjunar á tækjum í þreksal, en til skoðunar er að nýta ákveðin tæki sem til eru í þreksalnum í sal fyrir sjúkráþjálfun þar sem þau henta vel hreyfihömluðum. Þá er reiknað með að ljúka við úttekt á loftræstikerfi íþróttahússins.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 12,2 m.kr í ofangreind verkefni.

## Ráðhúsið

Gert er ráð fyrir tæplega 4 m.kr í ýmsar lagfæringar innan- og utanhúss í Ráðhúsinu m.a. til að bæta aðgengi, en einnig til að gera við þakleka, loftræstingu og þaktúður.

## Skólalóðir og tjaldsvæði

Reiknað er með að áfram verði haldið við að auka fallvarnir og viðhalda leiktækjum á skólalóðum. Í þau verkefni er veitt 2,0 m.kr. Þá er reiknað með að setja upp salernishús á tjaldsvæðið í Skálavík og lagfæra slóða. Veitt er tæp 1 m.kr í það verkefni.

## Gatnagerð

Mikil þörf er á framkvæmdum við lagfæringu gatna og gangstétta. Á árinu 2015 er reiknað með fjármunum í yfirlagnir og viðgerðir á Tjarnarkambi og Mávakambi. Þá er reiknað með fjármunum í að ganga frá útskoti á Höfðastíg við Grunnskólann. Breyting á gangstétt á gatnamótum Skólastígs, Þjóðólfsvegur og Völusteinsstrætis þar sem breytingin mun í leiðinni virka til að draga úr ökuhraða auk þess að skapa gott útsýni ökumanna og gangandi vegfarenda við gatnamótin. Þá er reiknað með fjármunum til að ganga frá gangbraut yfir Skólastíg, ofan við Skólastíg 6. Auk þess er reiknað með fjármunum í endurnýjun gangstétta almennt. Þá er reiknað með að ljúka við lagfæringar á götu við hesthús.

Alls er reiknað með 15,4 m.kr í ofangreindar framkvæmdir.

## Ósvör

Deiliskipulagsvinna við Ósvör stendur yfir, en vegna hennar var þörf á ofanflóðahættumati sem er í vinnslu hjá Snjóflóðasetri Veðurstofunnar. Reiknað er með að setja af stað vinnu við hönnun á þjónustuhúsi þegar deiliskipulagið liggur fyrir og er reiknað með 1 m.kr til verkefnisins í áætlun. Bæjarstjórn þarf síðar að taka ákvörðun um fjárveitingu til framkvæmda eftir að kostnaðaráætlun hefur verið unnin.

## Félagslegar íbúðir

Reiknað er með að kostnaðarhluti félagslegra íbúða vegna lagfæringar innanhúss í tengslum við byggingu hjúkrunarheimilisins verði 2,25 m.kr af samtals 4,5 m.kr kostnaði.

## Hjúkrunarheimili

Reiknað er með að kostnaðarhluti hjúkrunarheimilisins við frágang og lagfæringar stigagangs verði 2,25 m.kr af 4,5 m.kr kostnaði.

## Félagsheimilið

Reiknað er með að fara í fyrirbyggjandi viðhald við Félagshimilið, m.a. að setja vatnsvörn (sílan) utan á húsið. Veitt er tæplega 1 m.kr til þeirra verkefna. .

## Bolungarvíkurhöfn

Ýmis verkefni eru á dagskrá hjá Bolungarvíkurhöfn. Reiknað er með fjármunum til að endurnýja neyðarstiga, endurnýja handrið á Lækjarbryggju, en búið er að bjóða það verkefni út og taka tilboði. Þá er reiknað með fjármunum til endurnýjunar á stjórnubúnaði, vökvakerfi og spili á einum löndunarkrana, en einnig verður komið fyrir fjarstýrðri stýringu við kranann. Þá er reiknað með fjármunum til að ganga frá langtímabílastæði fyrir botni hafnarinnar auk fjármuna í umhverfismál, göngustíg og merkingar. Einnig eru fjármunir til að vinna að undirbúningi og hönnun á verkefnum sem eru á samgönguáætlun, en þar er um að ræða stálþil og þekju á Brimbrjót ásamt lagfæringum á Grundargarði.

Gert er ráð fyrir 11,5 m.kr í þessi verkefni.

## Að lokum

Bolungarvíkurkaupstaður uppfyllir þau skilríði sem sett eru í sveitarstjórnarlögum varðandi jákvæðan rekstur, en samkvæmt lögnum skulu samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B- hluta í reikningsskilum ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Fjárhagsáætlun ársins 2015 er með jákvæða niðurstöðu sem nemur 29 m.kr í A-hluta en 6,6 m.kr jákvæðri niðurstöðu í samstæðu A- og B-hluta.

Þá er skilyrði um að heildarskuldir og skuldbindingar séu innan við 150% (skuldaviðmið samkvæmt reglugerð) uppfyllt, en útreiknað skuldaviðmið er 127%. Reyndar væri það viðmið í lagi jafnvel þótt allar skuldir vegna hjúkrunarheimilisins væru teknar með því þá væri hlutfallið 142%.

Viðmið eftirlitsnefndar um framlegð eru þau að sveitarfélag sem er með skuldahlutfall 100% þarf að lágmarki að vera með 10% framlegð á meðan sveitarfélag sem skuldar 150% þarf að lágmarki að vera með 15% framlegð. Sveitarfélag sem er með 127% skuldaviðmið ætti því að vera með lágmarksframlegð sem nemur 12,7%. Framlegð af rekstri A- og B- hluta Bolungarvíkurkaupstaðar er hinsvegar 14% eða 141 m.kr.

Framlegð er sá afgangur sem situr eftir þegar launakostnaður og annar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá tekjum og verður því ekki aukin nema með því að auka tekjur eða draga úr launakostnaði eða öðrum rekstrarkostnaði. Það er verkefnið sem bæjarstjórn þarf sífellt að vera að velta fyrir sér því ef hægt er að auka tekjurnar eða hagræða í rekstrinum þá gefst tækifæri til meiri framkvæmda. Málið er þó

ekki alveg svo einfalt því það er auðvitað hægt að auka framlegðina með því að draga bara úr þjónustunni eða selja hana dýrara verði og það er ekki sú niðurstaða sem íbúar eru að leita eftir.

Bæjarstjórn hefur einmitt tekið þá ákvörðun að halda gjaldskrárhækkunum í lágmarki og hefur 3% hækkun verið viðmiðið í gjaldskrár fyrir árið 2015.

Af nógu er að taka varðandi viðhaldsverkefni og framkvæmdir, en línan hefur verið dregin við ríflega 82 m.kr í fjárfestingu/framkvæmdum og stærra viðhaldi. Það þýðir að mörg verkefni, jafnvel brýn verkefni þurfa að bíða áfram.

Bæjarstjóri vill þakka bæjarráði fyrir gott samstarf við vinnslu fjárhagsáætlunar og þá sérstaklega formanni bæjarráðs sem ávallt leggur fram mikla vinnu við vinnslu áætlunarinnar. Þá eru fjármálastjóra og byggingarfulltrúa færðar þakkir fyrir þeirra framlag. Ennfremur er forstöðumönnum hjá Bolungarvíkurkaupstað þökkúð þátttakan.

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar ásamt gjaldskrár fyrir árið 2015 er hér lögð fram til síðari umræðu.

Bolungarvík 17. desember 2014  
Elías Jónatansson, bæjarstjóri